

Leikskólinn Seljakot

2022 - 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	4
1 Greinargerð leikskólustjóra	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	7
3 Innra mat deilda	11
3.1 Mói	11
3.2 Mýri	16
3.3 Kot	21
3.4 Ból	25
3.5 Sel	28
4 Innra mat sérkennslu	33
5 Innra mat - fjöltyngd börn	35
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	38
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	39
8 Foreldrasamvinna	40
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	41
14 Fylgigögn	42
14.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	42



Leiðarljós leikskólans

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Í samstarfi við foreldra eflir leikskólinn alhliða þroska barna, stuðlar að öryggi þeirra og vellíðan. Seljakot starfar í anda Reggio Emilia hugmyndafræðinnar þar sem áherslupættir eru *frumkvæði - sköpun - tjáning*.

Mikilvægt er að veita börnum hvetjandi uppeldisumhverfi þar sem allir fá viðfangsefni við hæfi. Í Seljakoti er lögð áhersla á að börnin fái notið bernsku sinnar í leik og starfi og að þeim sé sýnd virðing og umhyggja.

Allir eru fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans þar sem áhugi, hæfni og styrkleikar einstaklingsins fá notið sín. Litið er á menntun, uppeldi og umönnun sem eina heild. Markmið okkar er að hvert barn fái notið sín og verði sjálfstæðir og félagslega sterkir einstaklingar.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2021 - 2022 fór vel fram og gengur stoltur starfsmannahópur frá starfsárinu og inn í það nýja. Hópurinn lagði sig fram við að búa börnunum betra umhverfi til náms og leiks, sækja sér fræðslu og byggja ofan á það sem áður var gott.

Í upphafi skólaárs hélt heimsfaraldurinn áfram að geisa sem aldrei fyrr. Enn mátti finna fyrir áhrifum hans og var skólastarf, samskipti á milli deilda og samskipti við foreldra enn mjög takmarkað. Veiran hélt því áfram að setja lit sinn á allt skólasamfélagið. Eftir áramót, þegar búið var að slaka á sóttvarnarreglum í þjóðfélaginu, smituðust nánast allir kennarar skólans af Covid19. Því var oft á tíðum krefjandi að halda skólanum opnum og halda uppi metnaðarfullu skólastarfi. Bæði starfsmannahópurinn og foreldrar sýndu mikið umburðarlyndi, seiglu og þolinmæði. Fyrir það er undirrituð ævinlega þakklát.

Framkvæmdir við leikskólann tóku enn lengri tíma en reiknað var með og því seinkaði aðlögun nýrra barna um haustið. Foreldrar barnanna sýndu einstaka þolinmæði og má það sama segja um kennarahópinn í Seljakoti sem sýndi einstakt umburðarlyndi, sveigjanleika og þolinmæði í gegnum allar framkvæmdirnar. Að lokum er það ákaflega stoltur og ánægður hópur kennara sem starfar nú í umhverfi sem kemur til móts við þarfir barna og kennara.



Í febrúar síðastliðnum fór sérkennslustjóri Seljakots í langtíma veikindaleyfi. Á vorönn var því enginn sérkennslustjóri við störf í leikskólanum. Við upphaf næsta

skólaárs mun Guðbjörg Oddsdóttir leikskólakennari koma aftur til starfa eftir fæðingarorlof og mun hún taka við stöðu sérkennslustjóra.

Á síðastliðnu starfsári var áhersla lögð á að samræma skipulagsdaga og þar með áherslur og námsþætti í Seljakoti og Seljaborg. Til að mynda var innleitt námsefnið Lubbi finnur málbein sem er viðurkennt málörvunar- og hljóðnámsefni fyrir leikskóla. Það er afar ánægjulegt að upplifa að námsefnið er strax farið að sanna gildi sitt. Við lok skólaársins byrjaði starfshópurinn á námskeiðinu *Verkfærakistan* á vegnum Kvan. Námskeiðið mun standa yfir allt næsta starfsár og snýr að því að styrkja samskipti- og félagsfærni í barnahópnum og koma m.a. í veg fyrir einelti. Bæði námsefnið um Lubba og *Verkfærakistan* frá Kvan er liður í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Næsta vor er fyrirhuguð sameiginleg náms- og kynnisferð erlendis. Kennarar í Seljaborg og Seljakoti eru þessa dagana að ræða saman um væntingar, áherslur og óskir. Markmið námsferða er alltaf að kynna sér nýngar, áherslur og nám í leikskólum erlendis en ekki síður að efla starfsandann og hafa þar gaman saman.

Undirrituð fer inn í nýtt starfsár full eftirvæntingar og tilhlökkunar. Það er gott að tilheyra og starfa þar sem ríkir gleði, metnaður og vinsemd.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Skólaárið 2021 - 2022 hélt áfram að vera með breyttu sniði vegna Covid-19, við höldum að nú væri það versta yfirstaðið en svo var ekki og starf leikskólans í stöðugu endurmati sökum þessa. Ný og bætt vinnuaðstaða kennara og barna kom ekki í fulla notkun eins og við höfðum áætlað. Sem dæmi má nefna að matstofan sem átti að fara í fulla notkun í vetur var að miklum hluta á deildum en ekki sameiginleg á milli deilda. Við gátum tekið hreyfisalinn í notkun við mikla gleði barna og kennara. Þar kom svo stór fellihurð sem hægt er að opna þegar matstofa er í notkun. Einnig nýttist hún vel þegar skipulagsdagar eru og stórir viðburðir eins og hrekkjavaka, jólaball, foreldrafundir og útskrift elstu barnanna.

Starfið með námsefnið Lubbi finnur málbein fór vel af stað með skemmtilegu námskeiði sem allir starfsmenn Seljakots og Seljaborgar tóku þátt í. Námskeiðið var haldið í nýja hreyfisalnum í Seljakoti.



Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Ný og bætt vinnuaðstaða kennara og barna	Metið á skipulags dögum í starfsmanna hópnum og á deildarstjórafundum	Starfsmenn Seljakots	Að skipulag húsnæðis gefi kost á samstarfi allra í leikskólanum og að það fari vel um alla. Að skipulagið bjóði upp á metnaðarfullt og faglegt starf. Tókst nokkuð vel þó að covid hafi haft hamlandi áhrif hluta úr ári varðandi matstofu. Hreyfisalur kominn í fulla notkun við mikla gleði barna og kennara. Salurinn nýtist vel í starfinu og höfum við þurft minna að treysta á Seljakirkju með húsnæði.
Ígrundun í starfi	Umræðuhópar þvert á deildir á skipulagsdögum Deildarfundir um starfsemi deildarinnar	Starfsmenn Seljakots	Starfsfólk verði meðvitað um leiðir til að nálgast börnin sem einstaklinga og hvers vegna. Kennari beinir aukinni athygli að sambandinu við börnin. Starfsfólk sé meðvitað um hvernig það bregst við hverjum og einum einstakling.
Lubbi finnur málbein	Metið á skipulags dögum í starfsmanna hópnum og á deildarstjórafundum.	Starfsmenn Seljakots	Að allar deildir hafi tileinkað sér námsefnið og fléttað það inn í daglegt starf. Hefði verið hægt að taka foreldra eða börn inn í mat á þessum þætti.



Ytra mat

Niðurstöður í viðhorfskönnun starfsmanna kom á heildina litið mjög vel út, má þar nefna starfsánægja starfsmanna, jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi, áhugasamir og jákvæðir starfsmenn og árangursríkir stjórnunarhættir en starfsmenn fundu líka fyrir miklu álagi, skorti á viðurkenningu og söknuðu þess að geta ekki sótt námskeið og endurmenntun. Þetta má kannski heimfæra beint á þær þungu aðstæður sem kennarar unnu við í heimsfaraldrinum.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfskönnun starfsfólks	Viðhorfskönnun á netinu.	Starfsfólk í Seljakoti	Almenn ánægja í nánast öllum þáttum starfsins



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Stjórnun á tveimur starfstöðum	Að fá betra flæði í starf okkar, ná að setja niður skipulag um hvenær við vinnum saman og í sitthvoru lagi.	Setja upp skipulag um hvaða daga við vinnum saman. Hvernig við högum starfi okkar þegar önnur er fjarverandi	Sigríður og Ragnheiður	Haust 22	Vor 23	Hittast 2 á önn. Setja upp skipulag. Prufukeyra og endurmeta með 8 vikna millibili	Að skipulagið sé þannig að við náum að sinna þeim verkefnum sem til falla á báðum stöðum með fullnægjandi hætti. Að starfsfólk finni að það hafi gott aðgengi að okkur.
Uppeldis- og menntastarf							
Verkfæra kista leikskólak ennara	Fá inn námsefni til þess að efla kennara í að þekkja samskipta og félagsvanda barna, takast á við hann bæði fyrir einstaklinga og hóp barna.	Að allir kennarar skólans sækja námskeiðið á skipulagsdögum og vinni þess á milli með verkfærin.	Sigríður og Ragnheiður	Maí 22	Mars 23	Á deildarstjórn fundum að síðasta námskeiðis degi loknum. Samtal, skoðun milli deilda og framhald.	Að kennarar hafi öðlast verkfæri til að bera kennsl á og vinna með börn og hópa barna í félagslegum vanda eða samskiptavanda.
Mannauður /leikskólabragur							
Fjölmenni ng og málstefna	Að samræma vinnulag í fjölmenningu og skapa málstefnu fyrir leikskólana	Að faghópur Seljakots og Seljaborgar hittist og samræmi vinnulag varðandi	Kristín Mar og Brynjóna	Okt 22	Maí 23	Á fagfundi að vori	Að allir fagmenn skólanna séu meðvitaðir um hlutverk verkefnastjóra fjölmenningar og sitt eigið í málefnum



	Seljakot og Seljaborg	fjölmenningu og skapi sér málstefnu					fjölmenningar. Að gerð hafi verið málstefna sem kynnt hafi verið öllu starfsfólki skólanna.
--	-----------------------	-------------------------------------	--	--	--	--	---



3 Innra mat deilda

3.1 Mói

Leikskólaárið 2021-22 voru 14 börn í Móa; 11 fædd 2019 og 3 fædd árið 2020. Barnahópurinn einkenndist af samkennd þar sem vinátta, traust og samvinna myndaðist fljótt á milli þeirra. Aðlögun sem hófst seint að haustinu (vegna byggingaframkvæmda) gekk vel. Börnin voru fljót að finna til öryggis og urðu tilbúin að kanna leikskólaumhverfið og leika. Starfið um haustið einkenndist af frjálsum leik, samverustundum og útiveru. Unnið var mikið með efnivið sem tengist hausti, efnivið sem við fundum í umhverfinu. Laufblöð, prik, greinar, strá og blóm voru tekin inn, unnin, skoðuð og rannsökuð nánar. Eftir áramót var könnunarleik bætt í starfið, einu sinni í viku. Börnunum var skipt í smærri hópa og unnið markvisst með verkefni s.s. fínhyreyfingu / listaverkefni og / eða málörvun

s.s. lestur og spil. Við byrjuðum einnig að fara í stuttar gönguferðir (þegar veður leyfði) og hafa stöðvar þar sem mismunandi efniviður og leikföng voru í boði og börnin flæða og leika á milli leiksvæða ásamt kennara. Tónlistarstund var einnig tekin upp þar sem börnin spiluðu á einföld hljóðfæri, lærðu að skiptast á, syngja eða dansa með. Á föstudögum hittumst við á Mýri eða Móa og haldin var söngstund. Prautabrautir voru skipulagðar á föstudögum fyrir grófhreyfingu og það var mikil gleði þegar við fengum að hafa hreyfistund í hreyfisal Seljakots.



Opinn / verðlaus efniviður var vinsælt leikefni. Börnin léku lengi og höndluðu efnið hvert á sinn hátt. Leikurinn þróaðist við að efniviður/ hlutir voru notaðir á mismunandi hátt, t.d. skraut eða vörur til að flytja á milli með farartækjum. Aðaláhuginn hjá hópnum varðaði farartæki, unnið var markvisst með þau bæði inni og í vettvangsferðum. Hugmynd var að þróa leikinn enn frekar og ákveðið að fjárlægja bílana. Hvatt var til að búa til eða byggja eða nota ímyndunarafl. Vikum



seinna, hafði orðið góður árangur og börnin voru mjög dugleg að nota kubbana til að byggja bíla, flugvélar o.s.frv. Einnig breyttust leikefni, t.d. kubbur sem farartæki. Blær, tilfinninga / félagslæsi, bækur, lestur og samverustundir voru fastir

þættir í daglegu starfi. Þar bættist við verkefnið Lubbi finnur málbein og festist í sessi. Myndræn gögn sem voru hengd á vegg deildarinnar reyndist vel við að vekja athygli barnanna og skapa umræðu.

Í forstofu Móa var tungumálatré. Skrifuð voru orð á ýmsum tungumálum sem töluð eru af börnum og fjölskyldum á deildinni. Viðkomandi orð voru skrifuð í samvinnu við foreldra. Skráningar um börnin í starfi í forstofu skapaði einnig umræðu milli barnanna, einnig foreldra og barna. Málörvun: Kennarar eru

meðvitaðir um hlutverk sitt við að efla tungumál barnanna, að setja orð á athafnir og hluti, notkun opinna spurninga, að tala saman og halda uppi samræðum. Í orðaspjalli voru valin orð / hugtök og unnið markvisst með orðin, s.s. að nota orðin í mismunandi samhengi eða finna samheiti og leika orðin. Söngur, þulur, spil og sögur voru



hluti af daglegu starfi. Gefðu 10 hafði reynst vel. Að mestu leyti tókst að flétta málörvun vel inn í starfið en einnig var unnið með þá einstaklinga sem vantaði töluvert upp á orðaforða.

Lýðræði: Í heild sinni, hafa börnin áhrif í starfsemi deildarinnar og á eigið nám. Leikföngin eru aðgengileg og sýnileg, hlustað er á og reynt að skipuleggja starfið út frá áhuga þeirra. Ferlið þarf tíma til ígrundar og umhugsunar, svo við ákváðum að vinna áfram með þennan þátt.

Útinám: Þetta er fastur hluti af starfinu og börnin nutu stuttra gönguferða í umhverfi skólans. Farnar voru markvissar ferðir þar sem unnið var með farartæki og orðaspjallið tengt við ferðirnar ásamt hópefli og umhverfisvitund.

Skólaárið gekk vel, þó við fyndum mikið fyrir fjarveru bæði starfsfólks og barna en það voru áhrifin af heimsfaraldrinum. Að þessu öllu sögðu hér að ofan, þá erum við stoltar af starfinu, höfum gert okkar besta og lagt okkur fram, alltaf með vellíðan barnanna efst í huga.



Næsta skólaár, ætlum við að halda áfram að vinna með lýðræði með börnunum, málörvun og félags- / tilfinningalæsi. Við viljum þróa okkar leiðir til að bæta og þróa starfið, læra hvert af öðru og ekki síst læra af börnunum og samskiptum þeirra. Með öðrum orðum; að festa mikilvægi ígrundar í starfið okkar sem fagfólk.

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæ ri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	He fst	L o ki ð	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að kynna börnin fyrir tilfinningum Að efla vináttu barnanna	Hópastarf / stundir til að vinna verkefni sem eflir tilfinningaþroska. Myndræn gögn til staðar Verkfæri frá námskeiðinu (KVAN) Dagleg samskipti	Ábyrgð : Katrín Allir á Móa framkvæma	jún í 2022	mái 2022 mái 2023	Skráningar. Safna gögnum: myndir, skrániður orð og setningar ásamt atferli barnanna í starfi. Samskipti milli kennara og hvers barns skoðuð. Deildarfundir. Endurmat: des '22 og maí '23	Börnin þekki tilfinningarnar: glaður, leiður, reiður og hræddur. Öðlist færni til að sýna samkennd. Börnin taki eftir hverja vantar í hópinn. Kennari meðvitaðri um eigin samskipti við öll börn.

Lýðræði	Að efla þátttöku / áhrif barna í ákvarðan atöku í daglegu starfi deildarinnar	Myndræn gögn. Opnar spurningar. Virk hlustun og samskipti kennara og barna. Leikföng og námsgögn sýnileg og aðgengileg. Svara áhugasviði barnanna. Ígrundun um starfið-kennari og börn. Verkfæri frá námskeiðinu (KVAN) Skráningar.	Ábyrgð Ana/Be rglind Allir á Móa fram-kvæma	Jú ní 20 22 -	M aí 2 0 2 3	Deildarfundur umræður um starf deildarinnar (börn og kennarar) Safna gögnum / skráningar Myndræn gögn. Opnar spurningar. Endurmat des '22 og maí '23	Börnin séu virkir þátttakendur á sínum forsendum. Starfsfólk sé meðvitað um hvernig það bregst við skoðunum barna. Börnin læra að tjá sig og segja frá eigin áhuga og óskum. Daglegt starf endurspeglir sem best áhuga barnann Virk hlustun og samskipti kennara og barna. Börnin þjálfast í að tala, hlusta og bíða.
Málörvun	Að börnin bæti við grunn-orðaforða sinn Að efla samskipti a-hæfni	Myndræn gögn til staðar. Lubbi/orða spjall Spil, bækur, þulur. Gefðu 10.	Ábyrgð : Tinna Allir á Móa fram-kvæma	Jú ní 20 22 -	M aí 2 0 2 3	TRAS Deildarfundur Skráningar með orðum og myndum Endurmat des '22 og maí '23	Börn geti notað og tjáð sig með algengum orðum. Börnin geti mótað spurningar. Bæta samskipti innan



		Opnar spurningar.					barnahópsins .
		Virk hlustun og samskipti.					Kennari meðvitaðri um eigin samskipti við öll börn.
		Nægilegur tími og ró.					

3.2 Mýri



Þetta skólaár voru 15 börn í Mýri, 11 fædd 2019 og 4 fædd 2020. Aðlögun byrjaði heldur seint þetta skólaárið og gekk hún nokkuð vel en mikil veikindi í barnahópnum gerðu það að verkum að hún varð töluvert lengri heldur en venjulega. Starfið um haustið einkenndist af frjálsum leik, samverustundum og útiveru og var aðaláherslan á að þau fyndu til öryggis í leikskólanum. Þegar nokkur festa var komin á starfið var komin desember og skelltum við okkur þá beint í jólaundirbúning.

Í janúar má segja að hefðbundið leikskólastarf hafi hafist hjá okkur í Mýri. Á heildina litið gekk starfið vel þrátt fyrir takmarkanir og áskoranir vegna Covid-19 og fundum við vel fyrir fjarveru bæði starfsfólks og barna. Við lögðum mikla áherslu á frjálsa leikinn og fengu börnin tækifæri til að njóta sín í leiknum, einnig fórum við að bæta inn vettvangsferðum þegar veður og færð fór að batna.

Barnahópurinn var mjög góður og samheldinn og ríkti mikil vinátta á milli barnanna. Dúkkukrókur, matarkrókur og bílar voru strax vinsælasta leikefnið í frjálsa leiknum og þegar líða tók á vorið reið hálfgerð púsl bylgja yfir og áttum

við orðið erfitt með að finna nógu krefjandi púsl fyrir þessi sem voru lengst komin.

Við vorum mjög dugleg að nota nýja salinn í leikskólanum og fórum við alltaf á þriðjudögum og nýttum hann í allskonar leiki, bjuggum til þrautabrautir og gerðum hreyfifærni æfingar.

Börnunum þótti alveg sérstaklega gaman að fara í salinn og var mikil spenna fyrir þriðjudögunum. Á föstudögum vorum við með sameiginlega söngstund með Móa og skiptumst við á að hittast í Mýri eða Móa og áttum notalega söngstund saman. Börnum og starfsfólki þótti þetta afskaplega gaman og hlökkum við til áframhaldandi söngstunda á komandi vetri.



Félags og tilfinninga vitund: Vináttuverkefnið Blær hefur náð góðri festu á deildinni en í vetur var bangsinn Blær ekki mikið notaður framan af en myndefni úr verkefninu nýttist mjög vel.



Við notuðum mikið myndir og sögur til að ræða um tilfinningar og var áherslan helst á grunntilfinningarnar: reiður, glaður, leiður, hissa. Við vorum bæði að vinna með myndir úr bókum og eins tókum við myndir af þeim sýna hinar ýmsu tilfinningar og hengdum upp. Við vorum mikið að ræða tilfinningar í samverustundum og þegar við lásum bækur ræddum við hvaða tilfinningar bókaþersónurnar voru að upplifa.




Vináttuverkefnið er mjög gott til að hjálpa börnum að þekkja sínar eigin tilfinningar og bera virðingu fyrir tilfinningum og upplifun annarra. Okkur hlakkar til að dýpka okkur enn meira í Vináttuverkefninu á komandi árum.

Málörvun: Við höfum lagt mikla áherslu á málörvun í vetur og byrjuðum við strax í upphafi skólaárs. Allir kennarar á deildinni voru mjög meðvitaðir um að tala mikið við börnin, spyrja

spurninga og setja orð á athafnir og hluti. Við notuðumst við Orðaspjallsaðferðina og einnig sungum við mikið, lásum sögur, spiluðum og nýttum einnig salinn þar sem málörvun blandaðist hreyfingunni. Í Orðaspjalli vorum við að leggja inn orð/hugtak í lengri tíma sem dæmi: lítill/stór, stelpa/strákur o.s.frv. Við unnum í c.a. 4 vikur með hvert orð/hugtak.

Barnahópnum var skipt upp í tvo hópa í samverustundum þá var betur hægt að koma til móts við þroska þeirra og færni. Á vorönn var farið í að skima með TRAS málþroska skimun og tvisvar var frásagnarfærni barnanna skoðuð.



Útinám: Við fórum heldur seint af stað með vettvangsferðirnar sökum veðurs og færðar og náðu þær ekki alveg að festa sig í sessi þennan veturinn. Við fórum að fara í göngutúra þegar fór að vora og þótti börnunum það afar skemmtilegt. Þau voru mest spennt fyrir Ölduselsskóla þar sem mikið af skemmtilegum leiktækjum eru þar. Börnin uppgötvuðu þessi frábæru leiktæki þegar okkur var boðið að

skoða litla unga á skrifstofu skólans í kringum páskana og stoppuðum við í leiðinni á skólalóðinni og fengu þau að leika sér þar. Næsta skólaár gefst okkur tækifæri til að fara oftari í vettvangsferðir og kynna nærumhverfi okkar betur.



UMBÓTA- PÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyr- gð	Hef- st	Loki- ð	Hvernig metið/aðfer- ðir?	Viðmið um árangur
Félags- og tilfinninga- vitund	Að efla félags- og tilfinninga- þroska barna með áherslu á vináttu og samkennd	Samveru- stundir/ frjáls leikur Umræður um vináttu með tengingu við Blæ. Myndræn gögn um vináttu og tilfinningar. Dagleg samskipti með áherslu á virðingu, jafnræði og vinsemd. Skráning gerð sýnileg börnum og kennurum	Edda Björg	Sep- t- 202 2	Maí 202 3	Gögnum safnað saman með uppeldis- fræðilegri skráningu: ljósmyndir, orð og setningar skráðar ásamt atferli. Umræða á deildar- fundum.	Að börnin þekki grunn- tilfinningarnar: reiður, glaður, leiður og hissa. Börnin öðlist vitund um að aðrir hafa tilfinningar og að þau sjálf hafi áhrif á tilfinningar annarra. Börn sýni áhuga á hliðarleik, samleik og færi sig í átt að hlutverka- leik.
Málörvun	Að börnin efli málfærni sína og eflist í samskiptum	Orðaspjalls- aðferð samhliða markvissri málörvun með bóklestri, samræðum og málörvunar- spilum	Ábyrg- ð: Hulda Karen	Sep- t- 202 2	Maí 202 3	TRAS Málþroska- skimun fyrir börn á þriðja aldursári Alhliða málþroski metinn 3x á	Að tveggja ára börn hafi tök á tveggja orða setningum, hafi áhuga á samskiptum og sýni bókum áhuga.

		Virk samskipti kennara við börn í gegnum leik og starf. Lubbi finnur málbein, málhljóð gerð sýnileg á veggjum deildarinnar.				árinu með skráningu á orðaforða, setninga-skipan og frásagnar-færni Regluleg skráning á samskiptum barnanna og hvaða tjáningar form þau nota	Að börn geti tjáð þarfir sínar og langanir með sínum hætti ásamt því að geta átt í félagslegum samskiptum við jafnaldra.
Hreyfing	Að efla hreyfifærni barnanna og líkamsvitund bæði úti og inni. Að auka fín- og grófhreyfingar. Að auka samhæfingu líkamshluta. Að auka gleði, vellíðan. Að auka hugtakaskilning og rúmskynjun.	Vikulegir göngutúrar í litlum hópum. Förum einu sinni í viku í hreyfisalinn. Koma til móts við hreyfipörf barna í gegnum skipulagða hreyfingu. Búa til skipulagðar hreyfistundir til að framkvæma í sal.	Ábyrgð: Virginia	Okt 2022	Maí 2023	Gögnum safnað með uppeldisfræðilegri skráningu. Deildarfundir, umræður um hreyfistundirnar, hvað gengur vel og hvað má bæta.	Að börnin efli hreyfifærni sína. Að börnin læri heiti á helstu líkamshlutum ásamt því að þekkja algeng hugtök sem tilheyra hreyfingu. Að börnin læri að fara eftir fyrir fram ákveðnum reglum í hreyfileikjum og hreyfistundum.

3.3 Kot

Í Koti voru 19 börn í vetur, sjö börn fædd árið 2017 og tólf börn fædd árið 2018. Við tókumst á við ýmsar áskoranir í vetur, aðlögun byrjaði í október og stóð fram í desember vegna framkvæmda í húsi. Einnig setti covid strík í reikninginn ásamt erfiðu veðurfari, vinnustyttingu og manneklu. Barnahópurinn samanstóð af kröftugum og orkumiklum einstaklingum með mikla hreyfipörf og þurftu þau aukinn stuðning í félagslegum samskiptum. Við höldum áfram að leggja áherslu á að skapa meira næði og rólegheit á deildinni og að veita börnum frekara tækifæri til að njóta sín í leik og starfi. Við ákváðum að skipta barnahópnum í þrjá hópa, gulan, rauðan og grænan eftir aldri. Með því reyndum við að skapa betri aðstæður fyrir leik og starf utan og innandyrna. Við viljum halda áfram að vinna með að skipta börnunum í smærri hópa á komandi vetri.



Málörvun og Orðaspjall: Í byrjun árs 2022

byrjuðum við á skipulögðum Lubbastundum og einu sinni í viku fór hver hópur í Lubbastund og Orðaspjall. Það var lagt inn nýtt málhljóð í hverri viku ásamt því að ræða orð vikunnar sem var tengt við málhljóð vikunnar hverju sinni. Við höfum fléttað lögum úr Lubbastundum inn í samverustundir þar sem við syngjum og gerum ták málhljóðanna. Á veggjum deildarinnar eru stafir og ták í hæð barnanna, hvert barn er með lubbatáknið sitt á hólfinu sínu. Á hurð deildarinnar er einnig orð og málhljóð vikunnar sem skapar umræðugrundvöll fyrir börn og foreldra til að ræða um. Við lásum bækur og spiluðum, einnig var hlustað á sögur í hvíldinni í bland við rólega tónlist. Við sendum tölvupóst til foreldra í hverri viku þar sem orð og málhljóð vikunnar var kynnt ásamt hlekk á lag vikunnar svo foreldrar gætu lært táknin og

lögin með börnunum. Börnin hafa verið afskaplega áhugasöm um Lubbamálhljóðin í vetur. Við viljum halda áfram að vinna með málörvun næsta vetur og festa Orðaspjall og Lubbastundir enn betur inn í starfið okkar.

Félagsfærni og vinátta: Síðasta vetur hefur okkur fundist vanta upp á félagsfærni barnanna á deildinni sem hefur valdið því að tíðir árekstrar verða í barnahópnum. Auðvitað hefur þessi vetur verið mörgum börnum erfiðari vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Okkur langar því næsta vetur horfa vel á félagsfærni barnanna í barnahópnum með það að markmiði að börnin öðlist meiri færni í að starfa saman, eiga góð samskipti, læra að setja sig í spor annarra, sýna hvert öðru góðvild og virðingu og vera læs á tilfinningar hvers annars. Þetta verður vonandi til þess að þegar félagsleg vandamál koma upp í barnahópnum þá hjálpist börnin að við að finna sameiginlega lausn sem allir eru sáttir við. Litli Blær úr vináttuverkefni Barnaheilla var í sóttkví þar til í byrjun árs 2022 en vegna covid takmarkana hafði hann verið settur í frí. Börnin voru glöð að fá litla Blæ aftur og var þeim boðið að taka hann með sér í hvíld og gefa honum knús hvenær sem þau þurftu. Við byrjuðum árið á vináttunuddi og ræddum aðeins um tilfinningaspjöld í daglegu starfi og sungum vináttulög í samverustundum. Ekki var unnið nógu markvisst með

vináttuverkefni Barnaheilla í vetur og viljum við nota það enn meira sem verkfæri til að ræða um atvik og tilfinningar á komandi vetri. Við viljum halda áfram að vinna með félagsfærni og vináttu.





Útinám/vettvangsferðir: Erfitt veðurfar og mannekla urðu þess valdandi að lítið var um vettvangsferðir í vetur. Eftir áramót var nýr hreyfisalur opnaður og var ákveðið að öll börnin færu einu sinni í viku í hreyfistund í salnum þar sem við útfærðum hreyfistundir á hverjum fimmtudegi, ýmist var farið í leiki, þrautabrautir, jóga, dans og fleira. Börnunum var skipt upp í þrjá hópa, gulan, rauðan og grænan og

eru þessar stundir mjög mikið tilhlökkunarefni hjá börnunum í hverri viku. Við munum halda áfram að þróa þessar stundir enn frekar ýmist innan eða utan dyra á komandi vetri.



UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Áby rgð	Hef st	Lo ki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Málörvun orðaspjall	Að auka málskilning og orðaforða barnanna og efla þau í samskiptum. Að markviss málörvun verði enn betur	Lubbastund einu sinni í viku, þar sem Orðaspjall er fléttað inn í stundina og valið 1-2 orð á viku tengt máhljóði vikunnar. Ræða við börnin um merkingu orðanna í	Ábyrgð Guðrún. Framkvæmd allir starfsmenn deildar	Sep t 202 2	M aí 2 0 2 3	EFI-2 málprosaskimun og Tras - skráning á málproska barna. Deildarfundir og samræður við börnin ásamt skráningum.	Að skilningur, tjáning og orðaforði aukist.

	fest í sessi í skipulögðu starfi.	daglegu starfi og hafa orðin sýnileg. Lestur bóka í litlum hópum og spiluð spil.					
Félagsfærni og vinátta	Styrkja samskipti í barnahópn um.	Umræður í litlum hópum. Félagsfærnisögur. Tilfinningaspjöld úr vináttuverkefni Barnaheilla, lesa sögur, spila, læra að setja sig í spor annarra eins og t.d. í leik þar sem þeim gefst tækifæri til að æfa sig í því og sýna hvert öðru góðvild og virðingu.	Ábyrgð Erna Frámkvæmdallir starfsmenn deildar.	Sep 2022	Máí 2022	Endurmeta á deildarfundum. Ræða um félagsleg samskipti á deildinni og hjálpast að við að finna lausnir svo öllum líði vel. Passa að öll börn fái að tjá sig svo raddir allra barna á deildinni heyrir. Innleiðing á verkfærakistu KVAN.	Að börnin séu meðvituð um tilfinningavitund, geti tjáð líðan og sýni samkennd. Minnka árekstra í barnahópnum. Að börnin öðlist öryggi á deildinni, skynji að rödd þeirra og vellíðan skipti máli.
Vettvangsverðir/Hreyfistundir	Efla hreyfiþroska, grófhreyfingar, skynjun á umhverfið og læra að umgangast umhverfi sitt af virðingu.	Vikulegar stundir einu sinni í viku þar sem unnið er markvisst með hreyfingu og vitund um nærumhverfi.	Ábyrgð Halla Frámkvæmdallir starfsmenn deildar.	Sep 2022	Máí 2022	Ljósmynda-skráningar, samtöl við börnin, hvað finnst börnunum og deildarfundir.	Að börnin læri á umhverfi sitt, heilsu og auki úthald og liðleika. Efla leikfærni í öðru umhverfi.




3.4 Ból

Leikskólaárið 2021-2022 voru börnin 21 í Bóli. 11 börn fædd 2016 og 10 börn fædd 2017. Haustið fór rólega af stað þar sem framkvæmdir voru enn í húsi og

ekki hægt að taka inn ný börn fyrr en í október. Við byrjuðum samt með eldri börnin í íþróttatímum hjá ÍR í Seljaskóla og fórum einu sinni í viku. Ferðir í íþróttatímum urðu stopular eftir áramót þar sem bæði veikindi og veður settu okkur skorður. Eldri börnin tóku aftur þátt í verkefninu Sofnað að hausti og



vaknað að vori á vegum Grasagarðsins og fóru börnin í fyrri heimsókn að hausti þar sem þau fengu fræðslu um hvað gerist í gróðrinum að hausti og vetri og hvert barn plantaði túlípanalauk sem var svo kominn í blóma þegar þau komu í heimsókn að vori. Slökkviliðið kom í heimsókn með Glóð og Loga sem fræddi börnin um eldvarnir. Við fórum í Þjóðleikhúsið að sjá sýninguna „Ég get“, fórum á bókasafnið í Gerðubergi á sögustund með Sleipni og í Árbæjarsafn þar sem við fengum að kynnast því hvernig jólin voru í gamla daga (Senn koma jólin). Starfsfólk setur



upp val oft í samráði við börnin að morgni, í hádegi og síðdegis þar sem börnin velja sér viðfangsefni, valið er nokkurskonar rammi utan um fjölda barna á hverjum stað í frjálsum leik. Söngur og hópastarf hefur verið fyrir

hádegi í vetur og sögustund eftir hádegi.

Við byrjuðum eftir áramót með Orðaspjall, fjögur orð/orðatiltæki á viku sem börnin lærðu og voru rædd í samverustundum. Íþróttasalurinn í leikskólanum var tekinn í notkun og áttum við einn dag í viku. Starfsfólkið setti upp þrautabrautir og svo var börnunum skipt upp í hópa svo allir fengu að njóta. Hópastarf var ekki



eins oft og við hefðum viljað þar sem veikindi bæði barna og starfsfólks voru talsverð frá áramótum og fram eftir vetri. Elstu börnin fóru í heimsóknir í grunnskóla hverfisins og sóttu sýningu Borgarleikhússins. Þau fóru að vinna að lokaverkefni sínu í

apríl en hvert barn samdi ljóð og málaði og saumaði mynd út frá ljóðinu í teppi. Í júní fluttu þau svo ljóðin sín og sýndu teppið við mikla hrifningu foreldra og annarra ættingja við útskriftina. Útskriftarferðin var svo farin í Viðey.

Lubbi: Byrjað var að vinna með Lubbi finnur málbein eftir áramót þar sem málhljóðin voru lögð inn í hverri viku annað hvort í hópastarfi eða í sameiginlegum samverustundum með því að skoða myndir og ræða um viðfangsefni-hluti-staði-nöfn og fleira sem byrjuðu á viðkomandi málhljóði. Lubbalögin voru sungin í samverustund og málhljóðin sýnileg á vegg á deildinni og Lubbi færður til á Íslandskorti eftir því hvar hann var staðsettur t.d málhljóðið Í þá var hann á Ísafirði. Höldum áfram með Lubba á næsta ári.

Blær: Fórum af stað með vináttuverkefnið Blæ í janúar. Við settum inn Blæstundir á föstudögum. Lásuð einn kafla úr verkefnabókinni sem svo var

ræddur. Spjöldin sem fylgja verkefninu voru líka með og rædd og bangsinn þeirra fékk að hvíla með þeim í hvíldinni. Innleiðing Blæs gekk mjög vel og loksins komin til að vera.

Útinám: Sinntum því ekki vel í vetur vegna veðurs og heimsfaraldurs. Stefnum á að taka þennan umbótaþátt föstum tókum á næsta skólaári.

UMBÓTA- PÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að börnin kynnist náttúrunni og umhverfinu	Reglulegar ferðir um nágrennið ásamt lengri ferðum	Hólmfríður	sept 2022	Maí 2023	Á deildarfundum og með mati hjá börnunum	Að börnin fræðist um nærumhverfi sitt og náttúru
Leikurinn	Styrkja börnin í leik sem eflir þau í félagsfærni	Fókusa á leikinn. Finna leiðir til að efla þau í félagsfærni	Kristín Sólveig	Sep 2022	Maí 2023	Á deildarfundum og með mati hjá börnunum. Myndrænar skráningar	Að börnin eflist í félagsfærni og vináttu.
Lubbi	Efla málproska	Halda áfram að innleiða Lubba í daglegt starf og skiplagðar málörvunarstundir. Rifja upp það sem er lært og bæta við nýju.	Kristín Mar	Sep 2022	Maí 2023	Á deildarfundum og skipulagsdögum	Börnin hafi lært málhljóðin í lok skólaárs.



3.5 Sel

Sel er ný deild í Seljakoti sem opnaði í Október 2021. Þetta skólaárið voru 15 börn í Seli, öll fædd árið 2018. Aðlögun var fremur seint þetta skólaár en gekk vonum framar og voru börnin fljót að aðlagast og strax í nóvember voru öll börnin orðin örugg og tilbúin í skipulagt leikskólastarf. Á heildina litið gekk starfið vel þrátt fyrir takmarkanir og áskoranir vegna Covid-19. Við lögðum áherslu á að skapa rými og tíma fyrir frjálssa leikinn og þannig fengu börnin tækifæri til að njóta sín í leik og starfi. Það var m.a. gert með því að skipta barnahópnum í 2-3 hópa þar sem einn/tveir hópar fóru í útiveru og/eða vettvangferðir og annar hópurinn inni á deild í frjálsum leik. Hópastarf og hreyfistund var einu sinni í viku. Í hópastarfi var börnunum skipt í þrjá minni hópa, fimm börn í hverjum hópi. Í hreyfistundum var börnunum skipt í tvo hópa, sjö til átta börn í hverjum hópi. Hreyfistundirnar fóru fram í hreyfisalnum okkar og einkenndust m.a. af frjálsum leik, æfingum, fjölbreyttum leikjum og þrautabrautum. Við lögðum mikla áherslu á frjálssa leikinn, þar sem að í valstundum fengu börnin að flakka á milli leiksvæða eins og þau vildu, en til að byrja með var ákveðið að setja tímamörk um hve lengi börnin ætti að staldra við á einu leiksvæði. Það var gert til þess að aðstoða þau við að dýpka leikinn sinn og öðlast betra úthald í leik. Eftir veturinn voru þau komin með gott úthald í leik og náðu vel að dýpka leikinn og skiptu því síður um leiksvæði.

Þau áhersluatriði sem við unnum með á þessu skólaári munum við halda áfram að nýta og betrumbæta fyrir næsta skólaár þar sem að okkur þótti



nokkrir þættir hafa hamlað okkur við að ná festu í daglegu starfi s.s. mannekla og heimsfaraldur. Við munum leggja áherslu á að efla sjálfshjálp enn frekar í matartímum og einnig í daglegu starfi. Þá viljum við samtvinna Orðaspjallsaðferðina og Lubbi finnur málbein þar sem ekki náðist að vinna með Orðaspjallsaðferðina þetta skólaár.

Sjálfshjálp: Markviss áhersla var lögð á sjálfshjálp barnanna í öllu daglegu starfi,



þar sem að þeim voru gefin tækifæri og tími til að prófa sig áfram við margvíslegar aðstæður. Sjálfshjálp í fataherbergi gekk framár vonum. Börnunum var boðið að fara í minni hópum í einu að klæða sig fyrir útiveru, þannig skapaðist mikil ró í fataherberginu og fengu börnin meira rými og tíma til þess að klæða sig sjálf í útifötin. Vegna heimsfaraldurs var ekki unnt að efla sjálfshjálp í matstofu með markvissum hætti fyrri hluta skólaárs. Þá sáu starfsmenn um að skammta á diskum að

mestu leyti. Það var ekki fyrr en í seinni hluta skólaárs að matstofa og sjálfshjálp barnanna þar hófst með markvissum hætti. Börnin fengu þá tækifæri til að gera allt sjálf s.s. skammta, hella í glös, smyrja o.s.frv. en starfsmenn aðstoðuðu eftir þörfum.

Vettvangsferðir: Vettvangsferðir



hófust um veturinn og var reynt að fara ávallt með helming af börnunum í einu, þó fórum við nokkrum sinnum öll saman. Ferðirnar áttu að vera einu sinni í viku, en stundum var ekki hægt að fara vegna veðurs. Hins vegar voru ferðirnar hápunktur athafnar í daglegu starfi hjá flestum börnum og nutu þau sín að skoða nærumhverfið sitt, þá urðu framfarir á grófhreyfingum, jafnvægi og úthaldi hjá börnunum. Í ferðunum fengum við tækifæri til að rannsaka og eiga samræður um náttúruna og umhverfið. Skógurinn hjá Ölduselsskóla var vinsælasti viðkomustaðurinn. Þar nutu börnin sín við að klifra, skoða lækinn sem rennur niður dalinn og rannsaka köngla og annað sem þau fundu. Áætlað var að nýta uppeldisfræðilegar skráningar og Demantaaðferðina til að meta vettvangsferðirnar, en síðarnefnda aðferðin var ekki notuð. Að öðru leyti má segja að vettvangsferðirnar hafi verið árangursríkar og náð góðri festu í starfinu og margt sem getur vel nýst áfram.

Málörvun: Markviss málörvun hófst fljótlega eftir að deildin opnaði. Áætlunin var að leggja áherslu á að nota Orðaspjallsaðferðina en svo varð ekki. Í stað Orðaspjalls var áherslan lögð á Lubbi finnur málbein þar sem að málhljóð voru lögð inn í hverri viku með því að skoða myndir og ræða um viðfangsefni/hluti sem



byrjuðu á viðkomandi málhljóði. Ásamt því voru Lubba lögin sungin og hreyfingarnar og/eða málhljóða táknið nýtt samhliða. Málhljóðin voru síðan gerð sýnilegar fyrir börn og kennara á veggjum deildarinnar. Samverustundir og/eða sögustundir voru tvisvar sinnum á dag, þar sem börnin sungu, hlustuðu á sögu eða hljóðbækur. Að auki voru allir kennarar meðvitaðir um að setja orð á athafnir og hluti og eiga samræður við börn í leik og daglegu starfi í leikskólanum.

UMBÓT APÁTTU R/ MATSP ÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Áby rgð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Sjálfsbjál ál	Að börnin öðlist betri hæfni í sjálfsbjál.	Gefa börnunum meira rými og tíma í fataherbergi með því að hafa færri í einu að klæða sig. Hvetja þau til að aðstoða hvert annað. Börnin skammti sjálf í matartímum og hvetja þau til að gera margt sjálf í þeim daglegu athöfnum sem fara fram í leikskólanum.	Áby rgð: Sara Fra mkv æm d: Allir kenn arar í Seli	Sep tem ber 202 2	Maí 202 3	Eftirfylgni og hvetja börnin til að efla sjálfsbjál í gegnum daglega starfið í leikskólanum s.s. fataklefa, baðherbergi, matartíma, útiveru o.s.frv.	Að börnin séu fær um að hjálpa sér sjálf í daglegum athöfnum og aðstoða hvert annað gegnum daglegar athafnir í leikskólanum.
Vettvan gsferðir	Að kennarar og börn kynnist nærumhverfi leikskólans og náttúrunni.	Börnin fara í vettvangsferð einu sinni í viku í nánasta umhverfi leikskólans.	Áby rgð: Jóh anna Fra mkv æm d: Allir kenn arar í Seli	Sep tem ber 202 2	Maí 202 3	Uppeldisfræði legar skráningar og Demantaaðferð til þess að meta í lokin. En með þeirri aðferð fá börnin tækifæri til þess að tjá sig og koma sínum hugleiðingum á framfæri um það sem þeim þótti skemmtilegast eða síður skemmtilegt.	Að börnin eflast í að fylgja hópnum og taka sameiginlegar ákvæðanir ásamt því að kynnst nánasta umhverfi leikskólans og fá tækifæri til að rannsaka, eiga samræður um náttúruna og umhverfið.
Málörvu n	Að börnin efli málfærni	Sögustundir og/eða samverustundir. Áherslan lögð á bóklestur, Lubbi	Áby rgð: Sara	Sep tem ber	Maí 202 3	Reglulegar skráningar á samskiptum barnanna	Börnin efli orðaforða og orðasambönd ásamt því að

	sína og eflist í samskiptum	finnur málbein og Orðaspjallsaðferðina. Orðin úr Orðaspjalli og máhljóð úr Lubbi finnur málbein gerð sýnileg á veggjum deildarinnar. Virk samskipti kennara við börn í gegnum leik og daglegt starf.	Fra mkv æm d: Allir kenn arar í Seli.	202 2	ásamt TRAS sem er framkvæmt með 6 mánaða millibili. Orðaspjallsorðin og Lubbi finnur málbein máhljóð hverrar viku gerð sýnileg fyrir börn og foreldra.	öðlast frekari færni til þess eiga félagsleg samskipti við önnur börn sem og kennara.
--	-----------------------------	--	---	----------	---	---



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.?	Skipulag sérkennslu gekk ágætlega. Stundaskrár voru sýnilegar í þeim rýmum sem voru nýttar til sérkennslu. Vinnustundir voru skipulagðar á ákveðnum tímum dags, einnig voru deildir nýttar og barn/börn fengu sérkennslu í hópi barna. Mikil áhersla var lögð á málörvun í öllu daglegu starfi sem og í skipulögðum málörvunarstundum. Framfarir voru skráðar á þar til gerð eyðublöð og endurmat gert reglulega. Gerðar voru einstaklingsnámsskrár fyrir börnin og endurmat gert á 4 - 6 mánaða fresti.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	HLJÓM-2, EFI-2, TRAS, AEPS, íslenski þroskalistinn, smábarnalistinn o.fl.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Markviss málörvun, Ljáðu mér eyra, Lubbi finnur málbein, Orðagull o.fl.

Vegna heimsfaraldursins og langtímaveikinda sérkennslustjóra á skólaárinu 2021 - 2022 var erfitt að fylgja eftir áherslupáttum umbótaáætlunar. Allir

starfsmenn gerðu þó sitt besta í að fylgja eftir sínum börnum og samskiptum við sérfræðinga. Við sjáum virkilega hvað það er mikilvægt að hafa öflugan og góðan sérkennslustjóra og þökkum Möggu frábært samstarf í öll þessi ár. Það verður gott að hefja nýtt skólaár með nýjan sérkennslustjóra. 😊



Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Virkt sérkennsluteymi	Að teymisvinna verðir virkari. Stuðningsaðilar veiti hver öðrum stuðning og fræðslu. Upplýsingaf læði milli stuðningsaðila verði betra.	Sérkennsluteymi taki sér tíma í undirbúning til að ræða saman. Mánaðarlegir teymisfundir	Guðbjörg	Okt 2022	Mái 2023	Samræður á mánaðarlegum teymisfundum. Regluleg ígrundun á starfi sérkennsluteymis	Starf sérkennsluteymis verði sýnilegra í daglegu starfi leikskólans. Bætt yfirsýn með sérkennslu Nánara samstarf milli stuðningsaðila
Gerð einstaklingsnámskrá	Að stuðningsaðilar noti einstaklingsmiðað nám.	Stuðningsaðilar og sérkennslustjóri geri saman einstaklingsmiðaða námskrá Starfsmenn deilda viti markmið hverrar námskrár fyrir sig	Guðbjörg	Sep 2022	Mái 2023	Námskrár metnar í lok hvorrar annar fyrir sig. Umræður við stuðningsaðila um árangur og viðmið. Umræður við starfsmenn deilda um árangur og viðmið	Að allir starfsmenn leikskólans sem og stuðningsaðilar hafi betri yfirsýn með sérkennslunni. Að einstaklingsmiðað nám skili sér í auknum þroska barna sem þurfa á sértækri aðstoð að halda.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í launakostnað.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er markvisst unnið með eflingu orðaforða með því að setja orð á alla hluti og athafnir og þess gætt að nýta hvert tækifæri sem gefst til að spjalla og efla málþroskann. Gefðu 10 hefur verið notað í leikskólanum til að beina athygli og kastljósinu að einstaka börnum sem ástæða hefur þótt til að efla sérstaklega. Gefðu 10 er mjög gott verkfæri til að minna kennara á þau börn sem kunna að standa höllum fæti en fá með þessu talsvert meiri og skilvirkari athygli og málörvun kennara í ákveðinn tíma í senn umfram önnur börn.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Á öllum deildum er daglega lesið fyrir börnin eða þeim sagðar sögur og einnig eru söngstundir þar sem börnunum eru kennd lög, vísur og þulur. Þau eru alltaf hvött til að tjá sig sem allra mest, kennarar nýta hvert tækifæri til að ræða við börnin og dýpka þannig orðaforða þeirra. Börnin eru spurð opinna spurninga og spjall um daginn og veginn er viðhaft hvenær sem tækifæri gefst til. Orðaspjall hefur verið notað um nokkurra ára hríð í leikskólanum og allir eru mjög ánægðir með það. Með þeirri aðferð eru ákveðin orð og orðasambönd í brennidepli, þau útskýrð fyrir börnunum í því samhengi sem þau koma fyrir í og síðan unnið með endurtekningu þessara orða/orðasambanda svo þau festist betur í minni.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?	Viðurkenndar skimanir á borð við EFI-2, Tras og HLJÓM-2 eru gerðar á öllum börnum. Hæfniramar fyrir fjöltyngd börn voru teknir

Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Í notkun í leikskólanum á skólaárinu og er merkt inn í þá á þriggja mánaða fresti til að hægt sé að fylgjast með framförum hjá börnunum. Ekki hafa verið gerðar einstaklingsáætlanir fyrir fjöltyngd börn í leikskólanum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, við teljum að svo sé, það er mikil áhersla á eflingu alhliða málþroska allra barna og þessum þætti vel sinnt í leikskólanum.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	He fst	Lo kið	Hvernig metið/aðf erðir?	Viðmið um árangur
Foreldrasa mstarf	Eftir miklar takmarka nir í skólastar fi og lítinn aðgang foreldra inn í leikskóla nn gefst	Leita til foreldra varðandi heima- menningu allra barna, ef foreldrar vilja t.d. kynna eitthvað að eigin vali,	Deildarstj órar og verkefnas tjóri fjölmennin gar	Ha ust 20 22	Vo r 20 23	Þátttaka foreldra skráð og metið hvaða ávinningur hefur orðið fyrir börn, foreldra og kennara.	Að auki tengsl heimila og leikskóla sáu merkjanl eg

	nú tækifæri til að auka samstarf við foreldra	kenna okkur lög o.fl.				Gert í jan. og maí 2023	
Heimamál barna	Að öll börn séu stolt af sínu heimamál i	Aukin áhersla á að börn verði meðvitaðri um þá auðlegð sem felst í að kunna tungumál og hvetja þau til að kenna öðrum orð, setningar, lög á hinum ýmsu tungumálu m	Deildarstj órar og verkefnas tjóri fjölmennin gar	Ha ust 20 22	Vo r 20 23	Skoðað hvort fjöltýngdu börnin hafi komið sínun heimamálu m á framfæri að einhverju leyti í leikskólanu m og séu stolt af þeim. Gert í jan. og apríl 2023	Allir hafi lært einhver orð, setningar , lög á þeim tungumál um sem töluð eru í leikskólan um
Velkomin í hverfið þitt	Heildræn nálgun við móttöku nýrra fjölskyld na með börn á leik og grunnskól aaldri	Að hefja vinnu með móttökuáæ tlunina „Velkomin í hverfið þitt“. Haldnir eru tveir kynningafu ndir í verkefninu	Stjórnuna rteymi leikskólan s og verkefnas tjóri fjölmennin gar	Ág úst 20 22	Se pt. 20 22	Metið hvort þessi móttökuá ætlun hefur í för með sér betra/auð veldara upphaf skólagöngu hjá þessum fjölskyldu m, borið saman við undanfarin ár	Að móttaka fjölskyld na sé samræmd innan leikskólan na og að upplýsing aflæði sé með ágætum milli aðila eftir þessa tvo fundi



6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Áfram verður haldið með starfspróunarsamtöl með snerpusniði. Þar er lögð áhersla á stutt og hnitmiðað viðtal en á móti boðað til þeirra oftast yfir skólaárið.

Hvert samtöl inniheldur ákveðið þema:

Viðtal 1. starfsánægja, starfsandi og samskipti

Viðtal 2. Styrkleikar og hæfileikar

Viðtal 3. Tækifæri til vaxtar, þjálfun og starfsþróun

Viðtal 4. Nýsköpun og stöðugar framfarir

Símenntun frá síðasta ári:

- Lestur fræðibóka og greina
- Lubbi finnur málbein námskeið
- Menntastefnumót fjarráðstefna
- Morgunverðarfundir hjá Rannung
- Menntakvika HÍ
- Forystunám Reykjavíkurborgar
- Fræðsla og umræður á skipulagsdögum/jafningjafræðsla
- Sérkennslustjórafundir
- Stjórnendadagur Reykjavíkurborgar
- Barnaheill: námskeið
- Fundir með tengiliðum fjölmenningar
- Þróunarstarf í menntastofnunum
- Starfstengd leiðsögn - leiðsagnarhlutverkið
- Leiðsögn og samvinna
- Lærdómssamfélag sérkennslustjóra
- Meistaránám í leikskólakennarafræðum við HÍ



- Grunn nám í

leikskólakennarafræðum við HÍ

Reynt er eftir fremsta megni að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja áhugaverð námskeið sem í boði eru á starfsárinu ef þau eru starfinu til heilla. Mikilvægt er að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja fyrirlestra, ráðstefnur og málþing er varða leikskólastarfið. Símenntun leikskólans tekur



mið af stefnu leikskólans, skólanámskrá leikskólans, Aðalnámskrá leikskóla, starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs og nýrri Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Fræðsla, mat og umræður fara að mestu fram á skipulagsdögum leikskólans. Vegna Covid-19 var minna um námskeið og ráðstefnur nema þá í gegnum streymi. Við nýttum mannauðinn innan skólans og fundum í sameiningu mikið af fræðigreinum, meistararitgerðum og öðru lesefni sem okkur þykir nýtast vel í starfinu í Seljakoti.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áætlun um samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi 2022 - 2023:

September: Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár. Þeir fara yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári. Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.

Október: Gamlir

leikskólanemendur koma í
heimsókn til okkar úr
báðum grunnskólum.

Nóvember: Heimsóknir
elstu barnanna í
grunnskólana í litlum
hópum. Nemendur úr 7.
bekk Ölduselsskóla koma
og lesa fyrir allar deildir á
Degi íslenskrar tungu.



Febrúar: Elstu börnin fara í heimsókn tvö í grunnskólana.

Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir
skólaárið 2023-2024.

Maí: Elstu börnin fara í heimsókn þrjú í grunnskólana. Leikskólinn skilar gögnum
varðandi börnin til grunnskólanna.

8 Foreldrasamvinna

- Samkvæmt 9. gr. laga um leikskóla skulu foreldrar gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samstarf við starfsfólk leikskóla, fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta heimila og skóla.

- Boðið er upp á valfrjáls foreldraviðtöl í nóvember 2022
- Foreldraviðtöl verða fyrir alla foreldra í febrúar 2023 og í maí/júní fyrir foreldra barna sem hefja grunnskólagöngu að hausti.
- Við minnum einnig á að foreldrar geta alltaf fengið viðtal ef þess er óskað.
- Kynningarfundur fyrir foreldra barna sem byrja í Seljakoti sumar/haust 2023 verður haldinn í maí/júní 2023 og/eða foreldrar verða boðaðir í viðtal eftir því sem við á.
- Allir nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal áður en aðlögun hefst.

Foreldraráð

Í foreldraráði sitja þrír foreldrar auk leikskólastjóra. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008)

Foreldrafélag

Í foreldrafélaginu sitja sex foreldrar auk áheyrnarfulltrúa starfsmanna, kosið er í félagið að hausti. Foreldrafélag Seljakots stendur fyrir ýmsum upptökum bæði utan og innan leikskólatíma og hefur borið kostnað af ýmsu sem við myndum annars ekki gera, eins og t.d. leiksýningar. Ferðir utan leikskólatímans eru skammtileg viðbót við leikskólastarfið og gefur fjölskyldum leikskólabarnanna tilefni til að kynnast og skemmta sér saman.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Föstudagur 9. september, skipulagsdagur, allir skólar í Seljahverfi
- Fimmtudagur 13. október, skipulagsdagur, hálfur dagur opnum kl: 12:15



- Föstudagur 25. nóvember, skipulagsdagur, allir skólar í Seljahverfi
- Mánudagur 12. desember, skipulagsdagur, hálfur dagur lokum kl: 12:00
- Miðvikudagur 15. mars, skipulagsdagur, allir skólar í Seljahverfi
- Miðvikudagur 19. apríl, skipulagsdagur námsferð starfsmanna
- Föstudagur 21. apríl, skipulagsdagur námsferð starfsmanna

Við fáum sex daga á ári til að skipuleggja leikskólastarfið og til að stunda símenntun. Þessir dagar koma fram í starfsáætlun leikskólans og eru auglýstir með góðum fyrirvara. Að þessu sinni eru þrír dagar á starfsárinu samræmdir, þ.e. allir leik- og grunnskólar í Seljahverfi eru með skipulagsdaga 9. september, 25. nóvember og 15. mars.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ásdís Gunnarsdóttir

María Huld Ingólfssdóttir

Sólveig Steinunn Pálsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð þakkar stjórnendum fyrir skýra og skemmtilega starfsáætlun. Til að byrja með er vert að nefna að framkvæmdir við leikskólann síðustu ár virðst hafa verið þolinmæðinnar virði því aðstæður fyrir börn og kennara í leikskólanum, bæði innan- og utandyra, eru hreint til fyrirmyndar.

Margt gott má lesa í starfsáætluninni þetta árið. Foreldraráð fagnar því að búið sé að ráða í sérkennslustjórastarfið, eins er alltaf gott að sjá hvað símenntunarlistinn sé langur því það er ekki gefið að starfsfólk sé áhugasamt um að þróast í starfi. Hugmyndin um tungumálatréð í Móa er frábært framtak, sem og áhersla á sjálfshálp í fatakelfum og matstofu. Það að börnin skoði nærumhverfi þykir okkur einnig mikilvægt, að börnin fái að njóta í náttúrunni sem dalurinn hefur uppá að bjóða. Svo er vert að nefna hér að afrakstur Lubba skilar sér heldur betur inná heimili

barnanna með táknum, máhljóðum og söngvum. Einnig var gott að sjá að í áætluninni eru viðurkenndir árekstrar í barnahópnum og farið yfir atriði sem mætti gera betur.

Miðað við lýsingar frá deildarstjórum á manneklu á veikindatímabilum virðist hreint ótrúlegt að ekki hafi þurft að grípa oftari til lokunar á deildum vegna veikinda starfsmanna í upphafi árs 2022. Á þar leikskólinn og stjórnendur mikið hrós skilið fyrir seiglu, skipulag og jákvæðni.

Í starfsáætlun fannst foreldraráði vanta stutta yfirferð á niðurstöðum úr innra mati frá því í fyrra, samantekt yfir þau markmið sem sett voru í síðustu starfsáætlun og umfjöllun um það sem náðist og það sem þyrfti að vinna betur. Einnig veltum við því fyrir okkur hvort nöfn starfsmanna eða deildarstjóra mættu vera með í starfsáætluninni, bæði til að lyfta starfsmönnum upp og til að kynna starfsfólkið sem sinnir því flotta og faglega starfi sem fram fer í leikskólanum.

Að lokum sendir Foreldraráð hvatningu til Foreldrafélags leikskólans. Við hvetjum félagið til að vera sýnilegra í leikskólanum fyrir foreldra. T.d. hefur aðalfundur foreldrafélagsins ekki verið auglýstur meðal foreldra a.m.k síðustu fjögur árin og svo mætti kynna starf félagsins betur.



